

Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2018, mánudaginn 15. janúar, var haldinn 161. fundur hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn að Neshaga 3 og hófst fundurinn kl. 16.30. Viðstödd voru: Sverrir Bollason (S) Marta Guðjónsdóttir (D), Börkur Gunnarsson (D), Eldar Ástþórsson (BF) og Rakel Dögg Óskarsdóttir (Framsókn og flugvallarvinir) áheyrnarfulltrúi. Einnig sátu fundinn þau Sigbrúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson, sem jafnframt ritaði fundargerðina.

Þetta gerðist

1. Fram fer kynning á starfsemi skátafélagsins Ægisbúa.

- Kl. 16.40 Teitur Atlason tekur sæti á fundi

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókandi:

Hverfisráð þakkar Ægisbúum kærlega fyrir góðar móttökur og kynningu á starfseminni sem fram fer hjá skátafélaginu.

Júlíus Aðalsteinsson, Helga Rós Einarisdóttir og Egill Erlingsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Fram fara umræður um verkefni sem tengjast Hverfið mitt - Hagatorg. Samþykkt að stefna að því að halda vinnufund með íbúum hverfisins varðandi áherslur og eftir atvikum útfærslur hönnunarinnar og að hverfisráð standi fyrir viðburði á næstu vikum í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið.

3. Fram fer umræða um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar. Samþykkt að fela formanni að útbúa athugasemd og senda öðrum fulltrúum ráðsins til yfirferðar og senda inn milli funda.

4. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dagsett 1. nóvember 2017 varðandi stofnun hverfissjóðs og samráð við hverfisráð. Samþykkt að fela formanni að útbúa athugasemd og senda öðrum fulltrúum ráðsins til yfirferðar og senda inn milli funda.

5. Lagt fram bréf frá stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, dags. 13. nóvember 2017, varðandi tillögu um breytta skipan hverfisráða.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillagan sem fram er lögð er að mestu leyti ótímabær vegna ýmissa ósvaraðra spurninga er varða verkefni og starfssvæði hverfisráðanna. Valaðferðin sem lögð er til sneiðir hjá mikilvægri aðkomu íbúasamtaka að hverfisráðinu í þágu persónukosninga og slembivala. Óvíst þykir að það val sé best til þess fallið að bæta lýðræðislega aðkomu íbúa að störfum ráðsins eða fóstora lýðræðislega umræðu í hverfinu. Hverfisráð Vesturbæjar styður ekki framkomna tillögu um breytta skipan hverfisráðanna.

6. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs með útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 5. janúar 2018, varðandi Einaranes 66-66A.

7. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs með útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 5. janúar 2018, varðandi Gamla höfnin – Vesturbugt.

8. Fram fer umræða um fundi hverfisráðs.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Áréttuð skal skylda fulltrúa í Hverfisráði Vesturbæjar til að mæta á fundi eða boða öðrum kosti varamann. Á síðasta boðaða fundi ráðsins gerðist sá fáheyrði atburður að fulltrúa vantaði á fundinn og skorti því ályktunarbærni fundarins. Sér í lagi er bagalegt að gestgjöfum fundarins sé boðið upp á slíka framkomu en fundurinn fór fram þar sem verið var að kynna þjónustustofnun Borgarinnar í hverfinu. Formaður ráðsins vonast til að fulltrúar í ráðinu bæti ráð sitt.

Fundi slitið kl. 17.45

Sverrir Bollason

Teitur Atlason
Eldar Ástþórsson

Marta Guðjónsdóttir
Börkur Gunnarsson